

! FORM OG FORMLEYSI Þýski heimspekingurinn Marcus Steinweg heldur fyrirlestur í stofu 101 á Háskólatorgi HÍ klukkan 16. Fyrirlesturinn ber titilinn Milli forms og formleysis og er haldinn í samstarfi Nýlistasafnsins við Félag áhugamanna um heimspeki og Heimspekistofnun HÍ. Steinweg er hingað kominn í tengslum við yfirstandandi sýningu brasilíska listamannsins Marcellus L. í Nýlistasafninu. Fyrirlesturinn verður á ensku og er öllum opin.

Hampa finnsku hráefni

Vöruhönnuðirnir Aamu Song og Johan Olin halda fyrirlestur í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu, í kvöld klukkan átta. Í fyrirlestrinum segja þau frá verkum sínum en þau starfa sem hönnuðir, framleiðendur, seljendur og verslunareigendur. Hugmyndafræði þeirra og vörur endurspegla og

hampa hefðbundnu finnsku handverki og hráefni.

Þau Song og Olin reka fyrirtækið Company í Helsinki og hafa ferðast með búðina sína The Secret Shop eða Salakauppa víða um heim síðastliðin fimm ár. The Secret Shop opnar í gallariinu Spark Design Space á Klapparstíg 33 á föstudag.



Tengsl manns og umhverfis

Tengsl manns og umhverfis eru undir í sýningunni Án áfangastaðar, sem verður opnuð í Hafnarhúsinu í dag. Markús Þór Andrésson sýningarstjóri segir sýninguna meðal annars innlegg í umræðuna um þróun ferðaþjónustu hér á landi, sem skortir að hans mati skýra stefnu.



MARKÚS ÞÓR ANDRÉSSON Í stað þess að matreiða ákveðna mynd af Íslandi sem áfangastað vill Markús leggja áherslu á hið óvænta í ferðalaginu, upplifunina sem fylgir því að uppgötva framandi stað og tengjast honum á persónulegan hátt.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Hugmyndin var að leiða saman listamenn og fræðimenn og sjá hvað þeir hefðu til málanna að leggja varðandi spurningar sem eru mikilvægar í sambandi við ferðaþjónustu og þróun hennar,“ segir Markús Þór Andréssonar um tilurð sýningarinnar Án áfangastaðar. Í tengslum við hana verður efnt til málbings í næsta mánuði undir stjórn dr. Gunnþóru Ólafsdóttur landfræðings, þar sem framsögumenn á sviði lista-, fræða- og ferðamála ræða ólíkar nálganir í ferðaþjónustu.

„Við Gunnþóra höfum bæði starfað sem leiðsögumenn og þekkjum fagið vel,“ segir Markús. „Okkur þykir greinin hafa þróast ört, án þess að fólk sé vakandi fyrir því hvaða breytingar ferðaþjónustan getur haft á land og þjóð. Við viljum bara að umræðan um ferðaþjónustu sé yfirvegaðri, ákvarðanir séu ekki teknar í „panikk-ástandi“, eins og hefur hent, og snúist ekki aðeins um að opna flugvelli og hafnir til að hleypa sem flestum að.“

Titill sýningarinnar vísar meðal annars til þess að ferðaþjónusta á Íslandi skortir að mati Markúsar skýr markmið, önnur en þau að fjölga ferðamönnum.

„Titillinn vísar líka til Íslands sem áfangastaðar og þá mynd sem við búum til af landinu, jafn-

vel þótt það stangist á við þær væntingar sem við höfum til fagsins. Ef við ætlum til dæmis að fá milljón ferðamenn til landsins á ári en um leið halda áfram að auglýsa það sem einstaktækifæri til að upplifa sig aleinan í ósnortinni náttúru, erum við strax komin með þversögn sem við getum ekki staðið undir.“

Í kjölfarið vakni sú spurning hvort hægt sé að nálgast þetta öðruvísi.

„Í stað þess að matreiða ákveðna mynd af Íslandi sem áfangastað, sem fólk heimsækir síðan og fær staðfesta, viljum við reyna að opna fyrir tilhugsunina um að það sé heilmikið við það að bæta að komast á staðinn, uppgötva hann og tengjast honum á persónulegan hátt. Mörg verkanna á sýningunni

ganga út á það að sýna fram á persónuleg tengsl einstaklings og umhverfis og hvernig þau eiga sér stað í skapandi og óvæntu ferli.

Á þriðja tug innlendra og erlendra listamanna taka þátt í sýningunni.

„Þetta eru allt listamenn sem ég hef fylgst með í langan tíma og heillast af því hvernig þeir takast á við spurninguna um tengsl manns og umhverfis. Þannig fjallar sýningin ekki um Ísland í sjálfu sér, heldur um okkur sjálf í umhverfinu. Sýningarsalirnir eru í sjálfu sér staðir sem áhorfendur ganga í gegnum og sum verkin fjalla einfaldlega um þann stað, hér og nú.“

Sýningin stendur til 10. apríl en Markús Þór verður með leiðsögn um hana á sunnudag klukkan 15.

bergsteinn@frettabladid.is

METSÖLULISTI EYMUSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUSSON UM LAND ALLT

12.01.11 - 18.01.11

1 Ég man þig Yrsa Sigurðardóttir	2 Svar við bréfi Helgu Bergsveinn Birgisson
3 Utangarðsbörn - kilja Kristina Óhlsson	4 Almanak Háskóla Íslands 2011 Þorsteinn Sæmundsson
5 Furðustrandir Arnaldur Indriðason	6 Saumahandbókin Friður Ólafsdóttir ritstýrði
7 Konur eiga orðið 2011 Ýmsir höfundar	8 Þrjónaklúbburinn - kilja Kate Jacobs
9 Candida sveppasýking Guðrún G. Bergmann	10 Hreinsun Sofi Oksanen

Úr klassík í djass

Tónlist ★★★★★

15:15

Djasstrío flutti lög úr ýmsum áttum í Norræna húsinu



DJASSTRÍÓ Helga Laufey Finnbogadóttir, Gunnar Hrafnsson og Einar Valur Scheving.

Ég átti notalega stund í Norræna húsinu á sunnudaginn var. Þetta voru tónleikar í 15:15 röðinni svokölluðu. Röðin heitir þessu nafni vegna þess að tónleikarnir hefjast klukkan 15:15. Eða eiga að gera það.

Tónleikarnir sem um ræðir byrjuðu reyndar ekki þá. Heldur allmörgum mínútum síðar. Auðvitað er ekkert óeðlilegt við að tónleikar hefjist örlítið seinna en auglýst er. En þegar tónleikaröð dregur nafn sitt af ákveðnum tíma, þá finnst manni að þeir eigi að byrja á akkurat þeim tíma. Og ekki seinna.

Biðin var þó þess virði. Á sviðið steig trío sem samanstendur af Helgu Laufeyju Finnbogadóttur

á píanó, Gunnari Hrafnssyni á kontrabassa og Einari Val Scheving á trommur. Á dagskránni var djass úr ýmsum áttum.

Helga Laufey er ættuð úr klassíkinni, hún byrjaði tónlistarnám sitt þar en færði sig síðar yfir í djassinn. Maður heyrði það á áslættinum. Djasspíanóleikarar eru stundum óttalega harðhentir, en Helga Laufey hefur fallegan tón. Hún spilaði lungamjúkt og

hlýlega; það var unaður að hlusta á hana.

Gunnar var líka frábær á kontrabassann, hæfilega ágengur, hljómurinn safaríkur og syngjandi. Einar Valur var sömuleiðis frábær á trommurnar, notalega afslappaður en hressilega áberandi á hárréttum stöðum.

Lögin voru yfirleitt skemmtileg. Eitt það besta var frumsamið og hét Sól í janúar. Laglínar var grípandi og nokkrir skemmtilegir sólókaflar voru létt-surrealískir. Það var líka gaman af ljúfri útgáfu á Maður hefur nú eftir Gunnar Reyni Sveinsson, og einnig Dolphin Dance eftir Herbie Hancock. Og djössu útgáfa á lagi eftir Piazzolla, Libertango, var hugguleg.

Varla er hægt að hugsa sér þægilegra sunnudagseftirmiðdegi!

Jónas Sen

Niðurstaða: Lög úr ýmsum áttum voru í djassbúningi í Norræna húsinu. Verulega vonduð dagskrá.

20 ára afmæli 20 dagar 20.01.2011 - 9.02.2011
20% afsláttur á öllum veitingum
 Laugavegur 130 ofan við Hlemm www.yummyummi.net S: 692 - 0564

The Best Thai Food 2009 2010
 Hjá Banthai eru allir réttir matreiðdir frá grunni úr ferskum hráefnum til þess að viðhalda þeim gæðum sem við viljum bjóða okkar viðskiptavinum uppá. Vegna þessa getur oft verið bið eftir matnum - en ef hópar ákveða að velja sér nokkra rétti til þess að snæða saman þá styttist sú bið verulega. Endilega hafið það í huga þegar þið pantið.